

FUNDARGERÐ

229. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 3. maí 2023 kl. 13:00

Mættir

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Fundurinn hófst á skoðunarferð Heilbrigðisnefndar í skólphreinsistöð að því loknu var gengið til fundar að Furuvöllum 1

Áður en gegnið var til formlegrar dagsskrár minntust nefndarmenn og starfsfólks Valdimars Brynjólfssonar fyrrverandi framkvæmdarstjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra sem lést þann 2. apríl sl.

Dagskrá:

1. Skoðunarferð í Skólphreinsistöð Norðurorku á Akureyri
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Umferðarhávaði á Akureyri
4. Svifryksmælingar á Akureyri
5. Stungupallur í Glerárlaug
6. Samstarfssamningur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
7. Starfsmannamál.
8. Örverurannsóknir á rjómabollum
9. Niðurstöður thrihalometan mælinga í baðvatni
10. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Akureyri.
11. Umsagnir
12. Útgefin starfsleyfi
13. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
14. Önnur mál

1. Skoðunarferð í Skólphreinsistöð Norðurorku á Akureyri

Haraldur Jósefsson frá Norðurorku sýndi fundarmönnum skólphreinsistöðina í Sandgerðisbót og greindi frá uppbyggingu hennar og virkni. Hreinsistöðin var tekin í notkun haustið 2020 og hreinsar skólþ frá Akureyri og Lónsbakkahverfi í Hörgársveit

Heilbrigðisnefnd þakkar Haraldi kynninguna og fagnar þeim mikla árangri sem náðst hefur í hreinsun skólþs frá svæðinu með tilkomu stöðvarinnar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 228. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 15. febrúar sl. Þá var meðal annars rætt um fyrirhugað geymslusvæði á Moldhaugahálsi og umferðarhávaða á Akureyri.

Í kjölfar síðasta fundar funduðu fulltrúar Heilbrigðiseftirlits og Hörgársveitar um skipulagsvinnunna. Niðurstaða þess fundar var sú að báðir aðilar voru sammála um að lagðar yrðu til ákveðnar breytingar á skipulagsskilmálum geymslusvæðisins til samræmis við athugasemdir HNE.

Í svari Vegagerðarinnar sem barst þann 24. mars sl. kom fram að engar aðgerðir hafa farið fram á vegum stofnunarinnar frá árinu 2015 sem miða að því að draga úr umferðarhávaða á Akureyri. Ekkert svar hefur borist frá Akureyrarbæ.

3. Umferðarhávaði á Akureyri

Fram kemur í aðgerðaráætlun gegn hávaða sem verkfæðistofan Efla vann fyrir Akureyrarbæ árið 2015 að þá voru 1.532 íbúðir í bænum sem bjuggu við hávaða yfir 55 db (A) sem eru viðmiðunargildi reglugerðar, þar af voru 24 íbúðir sem bjuggu við hávaða yfir 65 db(A). Í kjölfar 228. fundar Heilbrigðisnefndar kom í ljós að frá því að aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða kom fyrst út hafa engar aðgerðir gegn hávaða farið fram af hálfu Vegagerðarinnar og ekki hefur fengist staðfesting á því að Akureyrarbær hafi gripið til aðgerða af neinu tagi.

Að mati heilbrigðisnefndar eru aðgerðir í tveimur síðustu aðgerðaráætlunum óljóst skilgreindar og nánast eins frá orði til orðs. Vakin er athygli á að skv. 2.mgr. 8.gr. reglugerðar nr. 1000/2005 skal gerð grein fyrir einstökum aðgerðum á skýran hátt í aðgerðaráætluninni. Nefndin ítrekar fyrirspurn til Akureyrarbæjar varðandi aðgerðir til að draga úr hávaða og óskar jafnframt eftir upplýsingum um það hvort og þá hvenær Vegagerðin og eftir atvikum Akureyrarbær muni grípi til raunverulegra aðgerða til þess að draga úr umferðarhávaða á Akureyri.

4. Svifryksmælingar á Akureyri

Þrátt fyrir að nýir loftgæðamælur hafi verið settir upp á Akureyri í ársbyrjun eru gögn úr þeim ekki aðgengileg á síðunni loftgæði.is. Mælarnir gagnast því almenningi ekkert.

Heilbrigðisnefnd undrast þær tafir sem orðið hafa á frágangi mælanna, nefndin bendir á að nú fer í hönd sá árstími þar sem gera má ráð fyrir að styrkur svifryks mælist hár og því afar mikilvægt að ekki verði frekari tafir á frágangi mælanna þannig að upplýsingar úr þeim nýtist almenningi. Jafnframt óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvort niðurstöður úr nýju mælunum liggi fyrir og ef svo er hvort þær hafi kallað á aðgerðir af hálfu Akureyrarbæjar og þá hvaða aðgerðir

5. Stungupallur í Glerárlaug

Pórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sagði frá stungupalli sem settur hafði verið upp í Glerárlaug og aðkomu HNE að því máli.

Heilbrigðisnefnd áréttar að ekki kemur til greina gefa afslátt af öryggi sundiðkenda og fer því fram á að umræddur pallur verði ekki notaður nema rekstraraðili sundstaðarins geti sýnt fram á að öllum öryggiskröfum sé fullnægt

6. Samstarfssamningur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Á þingi SSNE sem haldið var á Siglufirði 14. og 15. apríl sl. var samstarfssamningur um Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra staðfestur. Áður hafði samningurinn verið samþykktur af sveitarstjórnnum allra aðildar sveitarfélaganna

Lagt fram til kynningar

7. Starfsmannamál.

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál og samanburð við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði.

Heilbrigðisnefnd bendir á að verkefnum HNE hefur fjölgað á undanförunum árum án þess að því hafi fylgt fjölgun stöðugilda. Nú er svo komið að fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja á hvert stöðugildi er hvergi hærri en hjá HNE. Í ljósi þess telur Heilbrigðisnefnd afar brýnt að við gerð næstu fjárhagsáætlunar verði gert ráð fyrir að lágmarki einu stöðugildi til viðbótar.

8. Örverurannsóknir á rjómabollum

Oddgeir Sigurjónsson greindi frá niðurstöðum úr sýnatökum á rjómabollum í aðdraganda bolludags.

Nefndin hvetur starfsmenn til þess að skerpa á mikilvægi hreinlætis og þrifa almennt við matvælavinnslu

9. Niðurstöður thrihalometan mælinga í baðvatni

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnir niðurstöður thrihalometan mælinga á baðvatni. Sýni voru tekin í innilaugum

10. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Akureyri.

Lögð voru fram drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Akureyri

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

11. Umsagnir

1. Skipulagslýsing rammahluta aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps vegna íbúabyggðar í Vaðlaheiði
2. Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.
3. Umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir skólasvæði á Húsavík.
4. Umsögn vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna vatnstökuhola á Röndinni og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri.
5. Umsögn vegna heildarendurskoðunar á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar og breyting á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar, og nýtt deiliskipulag fyrir veiðihús í landi Tungusels ásamt breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.

12. Útgefin starfsleyfi

1. Fljótir flutningar ehf. kt. 680308-2840 Steinholti 4, 685 Bakkafirði, Dekkjaverkstæði og smurstöð
2. Ísfell ehf. kt. 480269-4119, Hjalteyrargötu 4, 600 Akureyri, móttaka á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu
3. Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. Kt. 591219-1380, Akureyrarflugvelli 600 Akureyri, alþjóðaflugvöllur með eldsneytisafgreiðslu.

4. Landsnet kt. 580804-2410 Rangárvellir 1, 603 Akureyri, tengivirki með aflspennum og 192 tonnum af spennaolíu
5. BA2022 ehf. kt. 590822-1080 Sólberg, 606 Akureyri útleiga á sumarhúsi
6. Vitinn veitingar ehf. 521112-0180 Hrísalundi 5, 600 Akureyri. Sala á heitum mat
7. Ferðafélag Akureyrar kt. 67057-40249, Drekgali 660 Mývatn, sala á gistingu. **Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda**
8. Norður Akureyri ehf. kt. 691107-2130, Njarðarnesi 10, 600 Akureyri, líkamsræktarstöð
9. Hildur Óladóttir kt. 311065-3009, Bakkagötu 6, 670 Kópasker, sala á gistingu
10. Núið ehf. kt. 510216-0830, Kotra 17, 601 Akureyri, sala á gistingu
11. Remy Lardinois kt. 040577-3869, Ægisgata 7, Árskógsandi, 621 Dalvík, sala á gistingu
12. EyS Ráðgjöf og Ferðapjónusta kt. 540223-1140, Geldingsá lóð nr. 20 606 Akureyri, sala á gistingu
13. Ektafiskur ehf. kt. 621200-2750, Aðalgötu 2, 621, Dalvík veitingarekstur.
14. Isavia Innanlandsflugvellir ehf. kt. 591219-1380 Akureyrarflugvelli. Alþjóðaflugvöllur með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirkjum, m.a. flugstöðvarbyggingu, viðgerðaraðstöðu, olíumannvirkjum auk æfingaaðstöðu fyrir slökkvilið
15. Friðrik Kristján Jakobsson kt. 100869-3069, Hvoll 641, Húsavík, útleiga á sumarhúsi fyrir allt að 3 gesti.
16. Landsnet kt. 580804-2410, Laxárstöð, 660 Mývatn, Spennistöð
17. Kristján Stefán Halldórsson kt. 270560-3779, Garðarsbraut 6 ,íbúð 6 útleiga á íbúð fyrir allt að 6 gesti
18. Svartaborg ehf. kt. 640515-1850, Rangá , 641 Húsvík, Sala á gistingu fyrir 24 gesti í 6 sumarbústöðum
19. Jarðboranir hf. kt. 590286-1419, Jarðboranir og vinnubúðir færanleg starfsemi á þeistareykjum og síðar í Kröflu og Bjarnarlagi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
20. V30 ehf. kt. 700819-0430, Vestursíða 43 (202), 603 Akureyri, útleiga á íbúð **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
21. Pegá ehf. kt. 410604-4420, Hyrnulandi 6, 601 Akureyri, útleiga á sumarhúsi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
22. Ormarslón ehf. kt. 430316-1680, Grundargötu 7, 600 Akureyri, Útleiga á íbúðum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
23. Hallbjarg ehf. kt. 520517-0570, Hvannavellir 6 eh., 600 Akureyri, útleiga á íbúð. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
24. Betri fasteignir ehf. kt. 591217-1780, Lundskógur, 607 Fnjóskadal, útleiga á sumarhúsi. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
25. Orkey ehf. kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri, framleiðsla á Lífdísel. **Samþykkt til 6 mánaða með þeim skilyrðum að sett verði upp olíuskilja á fráveitu og að fullnægjandi aðstaða til geymslu á efnavöru verði útbúin á starfsleyfistímanum**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með fyrirvörum sem tilteknir eru.

13. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Ferro Zink hf. Kt. 460289-1309, Árstígur 6, 600 Akureyri, heitzinkhúðun á stáli. **Umsagnarfrestur til 19. maí 2023**
2. Blikk- og tækniþjónustan ehf. Kt. 431188-1479, Fjölнисgata 3b, 603 Akureyri, Blikksmiðja. **Umsagnarfrestur til 19. maí 2023**
3. Gokart Akureyri ehf. Kt. 500323-0190, Hlíðarfjallsvegi 13, 603 Akureyri, Akstursbraut (GoKart). **Umsagnarfrestur til 19. maí 2023**

Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars

14. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í lok júní í gegn um Teams

Fundi slitið kl 15:40

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson